



Yfirlit yfir farvegi fyrir fyrirspurnir og mál

Tilgangur þessa yfirlits er að:

1. Draga fram helstu farvegi fyrir fyrirspurnir og mál sem varða hlutverk trúnaðarmanns á vinnustað og samskipti vegna þeirra við starfsmenn, yfirmann og stéttarfélag.
2. Skýra helstu farvegi fyrir fyrirspurnir og mál í Kennarahúsinu.
3. Benda á hlutverk svæða- og félagsdeilda aðildarfélaga KÍ samkvæmt lögum félaganna.

Vinnustaður

- Samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 ber starfsmönnum á vinnustaðnum að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar sem varða kjara- og réttindamál.
- Trúnaðarmaður rannsakar málið með því að afla upplýsinga hjá yfirmanni og einnig þegar trúnaðarmaður hefur ástæðu til að ætla að misfellur séu á framkvæmd kjara- og réttindamála á vinnustaðnum.
- Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir starfsmanna eða grunur um misfellur hafi við rök að styðjast fer hann fram á lagfæringar við yfirmann.
- Trúnaðarmaður upplýsir starfsmenn um umkvartanir/lagfæringar og heldur stéttarfélagi einnig upplýstu þegar það er nauðsynlegt.

Kennarahúsið

- Almenna reglan er að vísa ágreiningsmálum og málum sem ekki tekst að leysa á vinnustaðnum til stéttarfélagsins.
- Æskilegt er að vísa málum sem varða túlkun á framkvæmd kjarasamninga og réttindamála strax til stéttarfélagsins, svo sem ráðningum, áminningum, uppsögnum sem og flóknum útreikningum á kjara- og réttindamálum.
- Ákvörðun um þörf fyrir lögfræðiráðgjöf er hjá formanni viðkomandi aðildarfélags KÍ.
- Fyrirspurnir um Sjúkrasjóð KÍ, Vonarsjóð FG og SÍ, Vísindasjóð FL og FSL og Starfsmenntunarsjóð FT fara til sjodir@ki.is
- Fyrirspurnir um Vísindasjóð FF og FS fara til visffogfs@ki.is
- Fyrirspurnir um Orlofssjóð KÍ fara til orlof@ki.is
- Sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða öll aðildarfélög, svo sem veikindarétt, orlof, fæðingarorlof, lífeyrismál, fara til þjónustufulltrúa á félagssviði, sjá félags- og kjaramál <http://ki.is/um-ki/um-ki/starfsfolk> Þjónustufulltrúar leita til formanna aðildarfélaga með sérhæfð mál þegar með þarf eða vísa þeim þangað til meðferðar.
- Almennar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla fara til þjónustufulltrúa á félagssviði, sjá félags- og kjaramál <http://ki.is/um-ki/um-ki/starfsfolk>
- Sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða leikskóla og grunnskóla fara til þjónustufulltrúa á félagssviði, sjá félags- og kjaramál <http://ki.is/um-ki/um-ki/starfsfolk>
- Almennar og sérhæfðar fyrirspurnir um kjara-, vinnu- og réttindamál sem varða framhaldsskóla fara til sérfræðinga FF, sjá félags- og kjaramál <http://ki.is/um-ki/um-ki/starfsfolk>
- Sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða tónlistarskóla fara til formanns FT, sjá kjörnir fulltrúar á <http://ki.is/um-ki/um-ki/starfsfolk>

- Sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða skólastjórnendur í leikskólum fara til formanns FSL, sjá kjörnir fulltrúar á <http://ki.is/um-ki/um-ki/starfsfolk>
- Sérhæfðar fyrirspurnir um kjara- og réttindamál sem varða skólastjórnendur í grunnskólum fara til formanns SÍ, sjá kjörnir fulltrúar á <http://ki.is/um-ki/um-ki/starfsfolk>

Svæða- og félagsdeildir aðildarfélaga KÍ

Svæðafélög Félags grunnskólakennara

- Hlutverk svæðafélaga er að vera málsvari félagsmanna á viðkomandi svæði, gæta hagsmuna þeirra í samskiptum við skóla og vinnuveitendur, koma að gerð vinnustaðasamninga í samráði við stjórn FG, halda trúnaðarmannanámskeið, félagsfundi, haustþing og annast kjör fulltrúa á þing KÍ og aðalfundi FG í samráði við stjórn FG.
- Komi upp samskiptavandi getur verið heppilegast fyrir trúnaðarmann að ræða fyrst við viðkomandi svæðaformann og komi upp vandi vegna réttindamála getur verið heppilegast að leita beint til skrifstofu FG í Kennarahúsinu.

Félagsdeildir Félags framhaldsskólakennara

- Hlutverk félagsdeildar er að vera málsvari félagsmanna FF á vinnustaðnum, vinna að kjara-, réttinda- og faglegum málefnum þeirra í samstarfi við FF og KÍ og kjósa fulltrúa á fulltrúafund og aðalfund FF og á þing KÍ.
- Félagsdeild kýs sér stjórn, setur sér lög og starfsáætlun, kýs trúnaðarmann og fulltrúa félagsmanna FF í samstarfsnefnd skólans. Félagsdeild heldur félagsfundi um kjaramál, framkvæmd stofnanasamnings, fagleg málefni og starfið í skólanum. Stjórn félagsdeildar ber ábyrgð á starfseminni og er í forsvari fyrir hana.
- Formaður félagsdeildar er stjórnandi og forsvarsmáður hennar. Formaður hefur yfirumsjón með daglegri starfsemi og fjárhag í samstarfi við gjaldkera deildar, er tengiliður félagsdeildar við stjórn FF og ber ábyrgð á samskiptum við stjórn FF um málefni félagsdeildar.

Svæðadeildir Félags leikskólakennara

- Hlutverk svæðadeilda er að vera málsvari félagsmanna á sínu svæði, halda trúnaðarmannanámskeið, félagsfundi, haustþing, annast kjör fulltrúa á aðalfundi FL, þing KÍ og annað í samráði við stjórn FL.
- Aðalfundur FL setur svæðadeildum starfsreglur í samræmi við lög FL og KÍ.
- Hver deild kýs sér formann og stjórn sem setur sér starfsáætlun. Formaður er stjórnandi og forsvarsmáður í sinni deild og tengiliður við stjórn félagsins. Stjórn svæðadeildar aðstoðar trúnaðarmenn FL á viðkomandi svæði og er þeim til ráðleggingar og miðlar upplýsingum um starfsemi deildar til félagsmanna á hverju svæði.
- Stjórn svæðadeildar hefur samvinnu við stjórn svæðadeildar Félags stjórnenda leikskóla (FSL) á viðkomandi svæði.

Svæðadeildir Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

- Hlutverk svæðadeilda er m.a. að vera tengiliður við skrifstofu og stjórn félagsins. Hver svæðadeild vinnur með stjórn FT að undirbúningi og skipulagningu svæðisþinga tónlistarskóla, funda og námskeiða fyrir trúnaðarmenn og annarra svæðisbundinna viðburða. Hver svæðadeild gerir tillögu um fulltrúa á aðalfund félagsins og á þing KÍ.
- Í hverri svæðadeild skal vera starfandi þriggja manna stjórn og þar af er einn formaður. Stjórn svæðadeildar setur sér starfsreglur í samráði við stjórn félagsins.

Svæðafélög Skólastjórufélags Íslands

- Hlutverk svæðafélaga er að fara með málefni félagsmanna á viðkomandi svæði og er formaður hvers svæðafélags trúnaðarmaður félagsmanna á sínu svæði.

Svæðaskipt samráðsnefnd Félags stjórnenda leikskóla

- Fulltrúar í samráðsnefnd eru tengiliðir við stjórn félagsins og trúnaðarmenn félagsmanna á viðkomandi svæði. Þeir halda fundi með félagsmönnum á sínu svæði, hafa yfirsýn yfir málefni

Þess og hafa samvinnu við svæðafélag FL á sínu svæði eftir því sem við á. Samráðsnefnd er stjórn félagsins til ráðuneytis um starfsemi þess.